

31. ágúst 1935.

221

Nr. 86.

TILSKIPUN

um setningu nýrrar lyfjaskrár.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Að þeir skipa svo fyrir sem hér segir:

1. gr.

Frá og með 1. apríl 1966 skal hin danska útgáfa norrænu lyfjaskrárinnar 1963 ásamt breytingum, Pharmacopoea Nordica 1963, Editio Danica, Volumen I—IV og Addendum, vera gildandi lyfjaskrá á Íslandi.

2. gr.

Ráðherra er heimilt að setja, að fengnum tillögum landlæknis, frekari reglur um notkun lyfjaskrárinnar og jafnframt að veita undanþágu frá reglum lyfjaskrárinnar um nokkur áhöld til rannsókna og lyfjatilbúnings, eftir því sem ástæður þykja til.

3. gr.

Allar lyfjabúðir eru skyldar að hafa frá 1. apríl 1966 birgðir af öllum þeim læknislyfjum, sem greind eru í téðri lyfjaskrá.

4. gr.

Tilskipun þessi, sem er sett samkvæmt 2. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, gengur í gildi 1. apríl 1966, og frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing um löggilding nýrrar lyfjaskrár, nr. 72 14. júlí 1950.

Gjört í Reykjavík, 31. ágúst 1965.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Pórður Eyjólfsson.

Jóhann Hafstein.

31. ágúst 1965.

Nr. 87.

AUGLÝSING

um breyting á forsetaúrskurði nr. 64 frá 20. nóvember 1959, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Eftir tillögu forsætisráðherra hafa handhafar valds forseta Íslands í dag gert þá breytingu á forsetaúrskurði nr. 64 frá 20. nóvember 1959, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., að Emil Jónssyni eru falin þau ráðherrastörf, sem Guðmundi

Í Guðmundssyni voru falin í nefndum úrskurði, og að Eggert Þorsteinssyni eru falin þau ráðherrastörf, sem Emil Jónssyni voru falin í nefndum úrskurði.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Í forsætisráðuneytinu, 31. ágúst 1965.

Bjarni Benediktsson.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 88.

10. september 1965.

B R É F

handhafa valds forseta Íslands um að reglulegt Alþingi 1965 skuli koma saman til fundar föstudaginn 8. október 1965.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,
gjöra kunnugt:

Vér höfum ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1965 skuli koma saman til fundar föstudaginn 8. október 1965.

Um leið og vér birtum þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðspjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 10. september 1965.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Þórður Eyjólfsson.

Bjarni Benediktsson.

Nr. 89.

21. september 1965.

AUGLÝSING

um frestun gildistöku auglýsingar nr. 82 frá 3. september 1965
varðandi samvinnu milli Norðurlandanna um útlendingaeftirlit.

Gildistöku þeirra ákvæða laga nr. 45 12. maí 1965, um eftirlit með útlendingum, er ákveðið var með ofangreindri auglýsingu að kæmu til framkvæmdar gagnvart hinum Norðurlöndunum 1. október 1965, er hér með frestað til 1. janúar 1966.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. september 1965.

F. h. r.

Baldur Möller.

Eliás I. Eliasson.